

## AUGLÝSING

### um nýja lyfsöluskrá II.

9  
29. jan.

Frá og með 1. febrúar gengur í gildi ný lyfsöluskrá II, útgefin af þessu ráðuneyti í dag, og fellur jafnframt úr gildi lyfsöluskrá II, útgefin 1. nóv. 1941.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 29. janúar 1943.*

**Björn Þórðarson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## REGLUR

10  
30. jan.

### um sölu og verðuppbætur á íslenzku smjöri.

#### 1. gr.

Samkvæmt tilkynningu frá ríkisstjórninni, dags. 31. f. m., hefur ráðuneytið, til þess að lækka útsöluverð á smjöri, ákveðið að greiða skuli smjörframleiðendum úr ríkissjóði mismun þann, sem verður milli heildsöluverðs á samlagssmjöri, kr. 19.35 kílóíð, og á fyrsta flokks heimatilbúnu smjöri, kr. 17.00 kílóíð, eða lægra heildsöluverðs, sem síðar kynni að verða talið hæfilegt vegna lækkaðs verðs á nýmjólk, og núverandi heildsöluverðs, kr. 11.70, meðan þessu verði er haldið, vegna óska ráðuneytisins.

#### 2. gr.

Skilyrði fyrir þessari greiðslu af hendi ríkissjóðs er, að smjörið sé selt af mjólkursamlögum eða öðrum samvinnufélögum bænda eða verzlunum, sem samþykkt verða til þess af atvinnumálaráðuneytinu. Heimatilbúið smjör verður því aðeins verðbætt, að framleiðandi sjálfur, eða heimilismaður hans, hafi lagt það inn hjá löggiltum smjörsala eftir 1. janúar 1943.

#### 3. gr.

Samlagssmjör telst allt smjör, framleitt í mjólkurbúum, rjómabúum og smjör-samlögum. Fyrsta flokks heimatilbúið smjör telst annað smjör, sem er nýtt, vel verkað, hreint og óskemmt.

#### 4. gr.

Ráðuneytið getur skipað einn eða fleiri menn, til að hafa á hendi eftirlit með gæðum smjörs og með skýrslugerð viðurkenndra smjörsala.

#### 5. gr.

Hverjum þeim, sem ráðuneytið hefur samþykkt til þess að hafa á hendi sölu á smjöri, ber að halda bók um alla þá smjörframleiðendur, sem hann tekur við smjöri af til sölu, og skulu í henni tilgreind nöfn og heimili framleiðenda, hvenær þeir leggja smjörið inn og hversu mikið í hvert sinn. Skal hver framleiðandi hafa ákveðna tölu (númer) í bókinni. Tilgreina skal, ef um heimatilbúið smjör er að ræða, hversu margar kýr hann hefur og hversu margt heimilisfólk, og skal þetta staðfest með vottorði hreppstjóra 1. janúar og 1. júlí ár hvert.

Lögreglustjóri löggildir ofangreinda bók.

Með hverri sendingu af heimatilbúnu smjöri skal fylgja vottorð hreppstjóra um að smjörið sé framleitt á heimili þess, er það leggur inn.

10 Smjörtsali skal auðkenna umbúðir þess smjörts, sem hann selur, með tölu  
30. jan. (númeri) framleiðanda í bókinni og setja nafn sitt undir.

## 6. gr.

Hverjum smjörtsala ber að senda ráðuneytinu afrit af viðeigandi hluta af bók þeirri, sem um ræðir í 5. gr., og skrá yfir hversu mikið hann hefur selt af smjöri fyrir smjörframleiðendur, ásamt móttökukvittunum frá kaupendum, til þess að geta fengið greiddar verðuppbætur.

## 7. gr.

Verðuppbætur verða greiddar ársfjórðungslega af því smjöri, sem selt hefur verið undanfarinn ársfjórðung, þegar öll gögn hafa borizt ráðuneytinu um söluna á því tímabili og nauðsynleg athugun hefur farið fram á þeim.

Reglur þessar eru hér með settar samkvæmt lögum nr. 98 9. júlí 1941, um heimild fyrir ríkisstjórnina til ráðstafana og tekjuöflunar vegna dýrtíðar og erfiðleika atvinnuveganna, til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. janúar 1943.*

**Vilhjálmur Þór.**

*Páll Pálmason.*

11

4. febr.

**AUGLÝSING**

**um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða í Eyrarbakkaheppi  
nr. 142 8. ágúst 1939.**

Í 1. mgr. 2. gr. samþykktarinnar komi kl. 6 síðdegis, í stað kl. 7 síðdegis.

Samþykkt þessi, sem gerð er af hreppsnefnd Eyrarbakkahepps, samkvæmt lögum nr. 17 1. febrúar 1936, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 15. febrúar 1943, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 4. febrúar 1943.*

**Jóhann Sæmundsson.**

*Páll Pálmason.*

12

6. febr.

**AUGLÝSING**

**um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað nr. 70 3. ágúst 1926,  
sbr. reglugerð nr. 9 4. jan. 1941 og nr. 73 13. maí 1942.**

Vörugjald af ísvörðum fiski skal vera 2 kr. af hverjum 100 kg til ársloka 1943. Frá þeim tíma gilda aftur óbreytt ákvæði reglugerðar nr. 73 13. maí 1942, um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað nr. 70 30. ágúst 1926, sbr. reglugerð nr. 9 4. janúar 1941.